

## **Fundargerð 140. fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 28.apríl 2023.**

### **Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 14:30**

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Ragnar Sigurðsson, Sæunn Stefánsdóttir, Þráinn Lárusson og Þuríður Lillý Sigurðardóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi. Helgi Hlynur Ásgrímsson boðaði forföll og ekki tókst að boða varamann í hans stað.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestur fundarins undir lið 1 var Magnús Jónsson endurskoðandi hjá KPMG.

#### **1. Ársreikningur Austurbrúar og niðurstaða endurskoðunar 2022**

*Magnús Jónsson endurskoðandi frá KPMG kom inn á fundinn og fór yfir ársreikning ársins 2022 og endurskoðunarskýrslu. Ársreikningurinn var í framhaldinu lagður fram til umræðu og afgreiðslu stjórnar. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.*

#### **2. Tillögur stjórnar fyrir ársfund**

*Stjórn leggur til við ársfund Austurbrúar að KPMG verði kjörinn endurskoðandi Austurbrúar fyrir árið 2023.*

Ekki fleiri mál á dagskrá, fundi slitið kl. 15:00